

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðiseftirlit á Vesturlandssvæði, sbr. 6. gr. 3. tl. laga nr. 109/1984.

1. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi á svæði heilbrigðiseftirlits Vesturlandssvæðis skal, skv. lögum nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og heilbrigðisreglugerð nr. 45/1972, greiða gjöld sem greinir í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Leyfis- og eftirlitsgjöld skulu á hverjum tíma standa undir a.m.k. helmingi kostnaðar við heilbrigðiseftirlit Vesturlandssvæðis.

3. gr.

Eftirlitsskyldum fyrirtækjum er skipt í sex flokka eftir gerð og umfangi í samræmi við fylgiskjal með gjaldskrá þessari.

4. gr.

Fyrir ný rekstrarleyfi skv. 36. gr. 1. tl. heilbrigðisreglugerðar nr. 45/1972, skal greiða leyfisgjald við afhendingu leyfisbréfs, sem hér greinir:

1. flokkur	1 000
2. flokkur	2 000
3. flokkur	3 000
4. flokkur	4 000
5. flokkur	5 000
6. flokkur	6 000

Fyrir leyfi vegna breytinga á húsakynnum eða rekstri skal greiða hálf t gjald. Sé um að ræða smávægilegar breytingar að mati heilbrigðisfulltrúa, er honum heimilt að lækka eða fella niður gjaldið.

5. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi skv. 7., 8., 12., 13., 14., 15., 16. og 17. töluliðum 2. gr. laga nr. 109/1984, skal árlega greiða eftirlitsgjöld sem hér greinir:

1. flokkur	6 000
2. flokkur	12 000
3. flokkur	17 000
4. flokkur	23 000
5. flokkur	31 000
6. flokkur	39 000

6. gr.

Framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits semur, f.h. svæðisnefndar, lista yfir eftirlitsskyld fyrirtæki á svæðinu í samræmi við fylgiskjal. Listi þessi skal afhentur skrifstofu Borgarnesshrepps, sem innheimtir eftirlitsgjöldin í umboði sveitastjórna á svæðinu og stendur skil á þeim í sameiginlegan sjóð heilbrigðiseftirlits svæðisins, sem standa skal straum af rekstri eftirlitsins.

7. gr.

Gjalddagi eftirlitsgjalda skv. 5. gr. er 1. febrúar og eindagi 1. apríl. Gjalddagi eftirlitsgjalda fyrir sumarrekna starfsemi er 1. júlí og eindagi 1. september. Um innheimtu gjalda fer að öðru leyti skv. lögum nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

8. gr.

Undanþegin gjöldum skv. gjaldskrá þessari eru opinberar stofnanir sem hér greinir: Félagsheimili, íþróttamannvirki, dvalarheimili aldraðra, dagvistun barna og heilbrigðisstofnanir.

9. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarfélögum á heilbrigðiseftirlitssvæði Vesturlands, sbr. 6. gr. laga nr. 109/1984, sbr. og reglugerð nr. 191/1985, staðfestist hér með samkvæmt 5. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 236/1985 með sama heiti, ásamt síðari breytingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 4. mars 1987.

F.h.r.

Ingimar Sigurðsson.

Soffía Magnúsdóttir.

Fylgiskjal með gjaldskrá fyrir heilbrigðisefirlit á Vesturlandssvæði.

Flokkun fyrirtækja eftir umfangi og gerð:

I	II	III	IV	V	VI
Bensínstöðvar	Fangageymslur	Félagsheimili	Veitingastaðir	Mótuneyti	Stórmarkaðir
Leiktækjasalir	Félagsheimili	m/veitingum	(<50 manns)	(>100 manns)	Kjörbúðir
Ljósastofur	sem eru ekki	Sumarhótel	Dvalarheimili	Veitingastaðir	(markaðir)
Lækningsstofur	með samfelldan	(3—4 mán.)	Ísbúð/ígerð	(stærri)	Stór hótél
Rakara-, hárgreifslu- og	veitingarekstur	Skyndibita-	Kjörbúð/nýlenduvar		Stórar matvinnustöðvar
snýrtistofur	Gistheimili	staðir	Brauðgerðarhús	Annar rekstur	Stór brauðgerðarhús
Gufubaðstofur	án veitinga	Mótuneyti	Minni hótél	sambærilegur	Mjólkurstöðvar
Sælgætisverslanir	Sælgætisverslanir	(<100 manns)	Brauðstofur		Vinnuheimili
(minni)	(Ís, pylsur, samlokur)	Fiskverslanir	Pizzagerðir		Tækifærisveitingar
Málningarverslanir	Sumargisting	Annar rekstur	Leiktækjasalir		v/stórsýninga, kaupstefna o. þ. h.
Tannlæknastofur	m/morgunverði	sambærilegur	m/veitingar		Annar rekstur
Torgsala	Sumarþúðir		Sælgætisgerðir		sambærilegur.
Tjaldsvæði	(orlofsheimili)		(stærri)		
Sumargisting	Heilsuræktarstöðvar		Vinnustöðvar		
án veitinga	Brauðgerð, brauðsala		(minni)		
Annar rekstur	Kvikmyndahús		Annar rekstur		
sambærilegur	Læknastöðvar		sambærilegur		
	Matsöluvagnar				
	Neysluvöru-				
	geymslur				
	Nýlenduvaru-				
	verslanir				
	Sælgætisgerðir				
	(minni)				
	Tækifærisveitingar				
	Annar rekstur				
	sambærilegur				
	Kr.	Kr.	Kr.	Kr.	Kr.
Vottorð:	300	300	300	300	300
Leyfisgj.:	1 000	2 000	4 000	5 000	6 000
Eftirlitsgj.:	6 000	17 000	23 000	31 000	39 000